

Fyrirspurn frá fjárlaganefnd:

Á fundi fjárlaganefndar í morgun var rætt um starfslok Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra. Í kjölfari óskað formaður eftir því að aflað væri frekari upplýsinga um málid. Ef því tilefni er spurt:

1. Á hvaða lagahilmum byggir samningurinn?
2. Á hverju er byggt við ákvörðun um að greiða laun til ársloka 2022 (er það út skipunartímann?)
3. Hvernig er ætlunin að fjármagna samninginn?
4. Hvert er kostnaðarmat ráðuneytisins á samningnum?

Svar dómsmálaráðuneytisins:

Helstu forsendur samningsgerðar og efnis samnings:

Samningur aðila um ráðgjafarstarf og starfslok HJ sem ríkislögreglustjóra var gerður í kjölfar viðræðna aðila um fyrirhugaðar breytingar á skipan lögreglumála, sem til umræðu hafa verið á undanförnu þar á meðal mögulegar breytingar á yfirstjórn lögreglumála. HJ hefur átt langan feril sem ríkislögreglustjóri og fyrir liggur að HJ á nokkuð eftir af gildandi skipunartíma sínum. Var m.a. af þeim ástæðum talið rétt að samhliða fyrirhuguðum breytingum yrðu gerðar breytingar hjá embætti ríkislögreglustjóra, sem HJ var sammála um, en að HJ kæmi í framhaldi að ráðgjöf við ráðherra um ýmis málefni tengd embættinu og málefnum lögreglu. Í viðræðum aðila kom þannig fram að ráðherra teldi mikinn feng í því að fá ráðgjöf HJ varðandi málefni yfirstjórnar lögreglunnar, flutning á verkefnum milli löggæslustofnana, og varðandi sértæka málauflokka, svo sem skipulagða glæpastarfsemi. Einnig býr hann yfir mikilli þekkingu á erlendum samskiptum lögreglunnar.

Nánar um stöðu HJ:

HJ hefur gegnt embætti ríkislögreglustjóra í 21 ár, allt frá árinu 1998. HJ var síðast endurskipaður 2018 til 5 ára og við samningsgerð voru 46 mánuðir eftir af skipunartímanum að teknu tilliti til biðlauna og orlofsréttar. HJ er fæddur 1954 og því 65 ára við gerð samnings og yrði 69 ára við lok skipunartíma árið 2023. HJ lætur af embætti ríkislögreglustjóra um nk. áramót.

Heimild til samningsgerðar

Almenn heimild til samningsgerðar er í 10. tölul. 25. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. c. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skv. 10. tölul. 25. gr. laganna skal maður gegna embætti, sem hann hefur verið skipaður eða settur í, þar til t.d. „að gert er við hann samkomulag um starfslok, sbr. 39. gr. c.“ Forstöðumaður stofnunar, í samráði við hlutaðeigandi ráðherra, getur „gert samning um starfslok við starfsmenn stofnunar“, sbr. 2. mgr. 39. gr. c laganna. (Hér athugast að skv. 2. mgr. 39. gr. c skal ráðherra setja reglur um við hvaða aðstæður forstöðumanni er heimilt að gera samning um starfslok og helstu efnispætti slíks samnings, en ekki liggur fyrir að slíkar reglur hafi verið settar.) Framangreind ákvæði voru færð í lög nr. 70/1996 með lögum nr. 130/2016 um kjararáð, er tóku gildi 1. júlí 2017 og féllu úr gildi 1. júlí 2018 (framangreind ákvæði laga nr. 70/1996 héldu gildi). Óháð lagaheimild hafa samningar af þessu tagi verið gerðir og þeir taldir gildir, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þá m. að með samningi sé ekki gengið á rétt embættis-

eða ríkistarfsmanns skv. lögum og fjárheimildir séu fyrir hendi. Sjá t.d. dóm Hæstaréttar 13. október 2016 í máli nr. 828/2015. Haft var samráð við sérfræðinga fjármálaráðuneytis í þessu sambandi.

Meginatriði samnings

HJ lætur af embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli starfslokasamnings og í samráði við dómsmálaráðherra þann 31. desember nk., sbr. framangreind lagaheimild og til hliðsjónar 3. tölul. 25. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2020 (3 mánuðir) tekur HJ að sérstaka ráðgjöf gagnvart dómsmálaráðherra á sviði löggæslumála. Um er að ræða ráðgjöf í tengslum við framtíðarskipulag löggæslu, mögulega tilfærslu verkefna milli löggæslustofnana og málefni sem lúta m.a. að skipulagðri glæpastarfsemi.

Frá 1. apríl 2020 til 30. júní 2021 (15 mánuðir) mun dómsmálaráðherra áfram geta óskað eftir ráðgjöf HJ, án þess að um fasta, reglubundna viðveru hans sé að ræða.

Frá 1. júlí 2021 til 31. desember 2021 (6 mánuðir), mun HJ njóta biðlauna skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

HJ heldur óskertum launum ríkislögreglustjóra í 21 mánuð skv. framangreindu. Af því tímabili 3 mánuðir með vinnuskyldu, 15 mánuðir með mögulegri vinnuskyldu og 6 mánuðir án vinnuskyldu (biðlaun).

Uppgjör áunnins orlofs fer fram 15. janúar 2022, og er umsamið 3 mánuðir.

Vegna umræðna í óundirbúnum fyrirspurnatíma Alþingis og í fjölmíðlum, 4. desember 2019

Embættismenn njóta sérstaklega ríkrar réttarverndar á grundvelli 4. mrg. 20. gr. stjórnarskráinnar og framangreindra ákvæða í lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Embættismanni verður ekki vikið úr starfi nema lögmætar og mjög ríkar ástæður séu fyrir hendi. HJ hafði ekki brotið af sér með neinum þeim hætti að heimilt væri að víkja honum úr starfi.

Þar sem ráðherra var að lögum ekki heimilt að víkja HJ úr starfi varð frumkvæðið að koma frá honum sjálfum. Það var enginn annar grundvöllur að starfslokum.

Embætti ríkislögreglustjóra verður ekki lagt niður og óheimilt er að fara í skipulagsbreytingar eða leggja embætti niður til að koma embættismanni frá. Samanburður við skipulagsbreytingar hjá skatti og tollgæslu nú um áramót á því ekki við.

Ummæli á þá leið að verið sé að „kaupa“ HJ frá starfi eiga í sjálfu sér við um alla starfslokasamninga hvort heldur sem er hjá einkaaðilum eða opinberum aðilum, kjósi menn að orða hlutina með þeim hætti.

Fjármögnun samningsins og fjárhæðir

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri fjármögnun heldur rúmast samningurinn innan fjárveitinga málaflokksins.

Ósk HJ um lausn og starfslokasamning verður að skoða í ljósi allra aðstæðna. Upp var komin erfið staða innan lögreglunnar (vantraustystyrlysing). HJ ákvað að stíga fram og það frumkvæði er lykill að lausn bess vanda ásamt áformum um sérstakt lögregluráð.

Samkvæmt meðfylgjandi töflu sem tekin var saman í dómsmálaráðuneytinu er kostnaðarmat samningsins án launatengdra gjalda 47,2 milljónir króna en með launatengdum gjöldum 56,7 milljónir króna.

Til samanburðar næmu laun HJ út skipunartímann kr. 80,5 milljónum króna án launatengdra gjalda en 104,6 milljónum króna með launatengdum gjöldum.

Starfslokasamningurinn að teknu tilliti til launatengdra gjalda nemur 54% af launum út skipunartímann.

Haraldur - Kostnaðatmat samnings							
				Með launat.gj.		Án launat.gj.	
1. jan. 2020 til 30. júní 2021	1.750.000	18	1,3	40.950.000		31.500.000	
1. júlí 2021 til 31. des. 2021	1.750.000	6		10.500.000		10.500.000	
15. janúar 2022	1.750.000	3		5.250.000		5.250.000	
				56.700.000	54%	47.250.000	59%
Haraldur - Laun út skipunartímann							
1. jan. 2020 til 28. feb. 2023	1.750.000	46	1,3	104.650.000		80.500.000	